

Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir

Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á
Skriðuklaustri 1554-1793

Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsiði



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXIV

Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir

Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðuklaustri 1554-1793

Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsiði

© Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009.

Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðuklaustri 1554-1793. Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsiði

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXIV.

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir.

Útgáfustaður: Reykjavík.

Forsíðumynd: Skrautmunur frá Skriðuklaustri.

ISBN 978-9979-9970-0-9

ISSN 1670-7982

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Rannsóknir á Skriðukirkju	2
Grafir og grafsiðir	5
Eigin aldur.....	5
Kyn.....	7
Handastellingar	9
Gripir í gröf.....	11
Kistur.....	12
Niðurstaða.....	13
Heimildir.....	15

Inngangur

Í lok árs 2008 veitti Þjóðhátíðarsjóður Skriðuklaustursrannsóknnum styrk til þess að vinna að sérstakri rannsókn á Skriðukirkju og gröfum í kirkjugarði hennar en uppgröftur á minjunum hefur staðið yfir síðan árið 2002. Rannsóknin miðaði að því að greina á milli grafa frá þeim tíma sem klaustur var starfrækt á staðnum og eftir að klausturhaldi lauk. Markmiðið var ennfremur að birta uppdrætti af umræddri kirkju en tvö byggingarstig hennar hafa verið grafin upp að fullu. Stuðst var við teikningar frá uppgreftinum við gerð uppdráttarins en við mismunandi útfararsíði við greiningu kaþólskra og lútherskra grafa.

Í skýrslunni eru niðurstöður þessarar rannsóknar kynntar. Gerð er grein fyrir báðum byggingarstigum kirkjunnar en þar sem uppgrefti er ekki lokið á gröfum í kirkjugarðinum er hér aðeins um að ræða áfangaskýrslu um þær. Þær grafir sem fjallað er um hér voru grafnar upp á árunum 2003-2009.

Rannsóknir á Skriðukirkju

Skriðukirkja var fyrst vígð árið 1512 og notuð til klausturhalds og greftrunar fram til siðaskipta.¹ Við siðbreytinguna var hún ekki lögð af eins og klaustrið, heldur gerð að annexíu frá Valþjófsstað í Fljótsdal og Ási í Fellum.² Aðgang að henni áttu þá staðarhaldarar og sýslumenn sem bjuggu á Skriðu eftir að klausturhald var lagt niður. Í kirkjugarði hennar áttu þeir sjálfir leg, svo og fjölskyldur þeirra. Hún var svo að lokum lögð niður árið 1793, eftir að hafa verið í niðurníðslu í nokkurn tíma.³

Elstu varðveittu úttektir Skriðukirkju eru frá árinu 1598. Um er að ræða vísitasíu sem Brynjólfur biskup gerði. Til eru varðveittar nokkrar yngri úttektir, t.d. frá árunum 1641 og 1670. Sr. Heimir Steinsson fer ítarlega yfir þær í ritgerð sinni til embættisprófs í guðfræði árið 1965 og telur víst að klausturkirkjan hafi verið endurreist um miðja 17. öld á sama stað og klausturkirkjan en í minna og talsvert breyttu formi.⁴

Rannsókn sr. Heimis stenst í öllum meginatriðum, sé tekið mið af niðurstöðum fornleifauppgráttarins. Yfir klausturkirkjunni er bygging yngri kirkju, sem væntanlega er kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðu. Hafa þeir augljóslega nýtt klausturkirkjuna í heila öld áður en ráðist er í endurgerðina.


¹ Heimir Steinsson 1965, bls. 61.

² Prestatal og prófafa á Íslandi 1950, bls. 10.

³ Heimir Steinsson 1965, bls. 61.

⁴ Heimir Steinsson 1965.

Frá því að uppgröftur á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal hófst árið 2002 hefur ríflega helmingur rústa klausturhúsanna verið grafinn upp, rústir beggja byggingarstiga kirkjunnar, auk 157 grafa innan kirkjugarðsins en hann liggur allt í kringum kirkjustæðið.




Mynd 1. Grunnform klausturkirkjunnar. Hún var í notkun frá 1512 til miðrar 17. aldar.

Klausturkirkjan hefur verið 15x5,7 m að innanmáli sé tekið mið af niðurstöðum uppgraftarins. Enn fremur kom fram að þrjár hliðar kirkjunnar voru gerðar úr torfi og grjóti en framhlið hefur verið úr viði. Klausturkirkjunni var skipt í kór, miðskip og framkirkju. Við uppgröft kom einnig í ljós útbrot á norðurhlið hennar, um 2,5x3 m að stærð og hefur kirkjan því verið svokölluð útbrotakirkja. Inngangar voru tveir. Aðalinngangur var á vesturgafli en inngangur ætlaður bræðrunum á norðurhlið (mynd 1).

Undirstrika ber að í úttektum frá árunum 1598, 1610 og 1641 er klausturkirkjunni ekki lýst nákvæmlega, hvorki byggingarlagi né heildarstærð. Þar

kemur samt fram að kórinn hafi verið tvö stafgólf.⁵ Uppgröfturinn staðfestir þetta, sé miðað við stoðarsteinana sem fundust í gólfinu, sem og aðrar lýsingar á innviðum hennar.



Mynd 2. Yngri kirkja sem reist var á grunni klausturkirkjunnar um miðja 17. öld.

Yngri kirkjan hefur aðeins verið byggð úr kór og miðskipi klausturkirkjunnar og skiptist hún nú aðeins í kór og skip sem voru í sama formi. Hún var þess vegna um helmingi minni að grunnfleti en klausturkirkjan en innanmál hennar hefur verið 9,3x4,7 (mynd 2). Langhliðar voru úr torfi og grjóti en gaflar úr timbri. Á þeim báðum voru inngangar en sá eystri hefur eingöngu verið ætlaður þeim sem þjónuðu í kirkjunni. Ekki eru greinileg merki um að kirkjan hafi verið klædd að innan með timbri. Ekkert útbrot er heldur lengur á kirkjunni, þannig að um töluverða breytingu hefur verið að ræða við endurbygginguna. Um svipað leyti og ný kirkja er byggð tekur fyrsti heimilispresturinn til starfa á Skriðu.⁶ Kirkja þessi var síðan í notkun í tæp 150 ár eða allt þar til hún var aflögð skömmu fyrir lok 18. aldar.⁷

⁵ Heimir Steinsson 1965, bls. 51.

⁶ Prestatal og prófasta á Íslandi 1950, bls. 10.

⁷ Heimir Steinsson 1965, bls. 61.

Grafir og grafsiðir


Erfitt hefur reynst að greina á milli einstakra grafa frá því fyrir og eftir siðbreytingu um miðja 16. öld, þrátt fyrir breyttar trúarlegar áherslur þegar klaustrið var lagt niður og kaþólsk trú bönnuð.

Dreifing legstæða á Skriðuklaustri gefur til kynna mun flóknari samsetningu en greina má af hefðbundnum sóknarkirkjugörðum, einkum vegna þess að á staðnum var rekinn spítali á klausturtíma. Meinafræðilegir áverkar eru áberandi á beinagrindum úr kirkjugarðinum en það bendir til þess að skjólstæðingar klaustursins hafi verið jarðaðir á staðnum, auk þeirra sem þar bjuggu eða keyptu þar leg.

Ekki er hins vegar að sjá að siðbreytingin hafi haft í för með sér umtalsverð umskipti hvað varðar grafarumbúnað. Þó má með rýmisgreiningu grafa innan kirkjugarðsins greina breytingar sem tengja má annars vegar við líffræðilega greinanleg atriði, eins og aldur og kyn, og hins vegar við útfararsiði tengdum því hvernig lík voru lögð til, notkun á kistum eða þeim sið að leggja gripi í gróf hins látna. Til grundvallar greiningunni eru hér notaðar þær 157 grafir sem grafnar voru upp tímabilið 2003-2009.

Eiginaldur

Ekki er búið að greina nákvæman lífaldur allra beinagrindanna í beinasafninu frá Skriðuklaustri. Stærstan hluta af því er þó búið að greina gróflega og skipta einstaklingunum í aldursflokka. Á mynd 3 er sýnd dreifing aldursflokka. Ákveðið var að notast við þá hér frekar en nákvæman aldur vegna þess að, eins og áður sagði, er búið að greina fleiri beinagrindur eftir aldursflokkum og einnig vegna þess að ef nákvæmur aldur hefði verið notaður hefði líklegast ekki komið fram skýrt mynstur í dreifingunni vegna þess hve aldursgreiningarnar eru margar og ólíkar. Þess vegna var notast við aldursflokkana sem eru: fóstur, ungabarn, barn, unglíngur, ung fullorðin manneskja, fullorðin manneskja og eldri manneskja.



Mynd 3. Dreifing beinagrinda eftir aldri.

Þegar stakir aldursflokkar eru skoðaðir sést greinilegt mynstur í t.d. dreifingu ungabarna. Þau er nánast eingöngu að finna norðan og austan við kirkjuna, af 21 beinagrindum sem greindar eru sem ungabörn er einungis þrjár að finna sunnan við kirkjuna. Annar aldursflokkur sem nánast eingöngu finnst norðan og austan við kirkjuna er unglingar. Finnast þeir þar á mjög afmörkuðu svæði. Þegar dreifing

Þessara tveggja aldursflokka, ásamt fósturum og börnum, er skoðuð sést að ákveðin tilhneiging virðist hafa verið til þess að grafa unga einstaklinga norðan og austan við kirkjuna. Þetta mynstur sem kemur þá fram á mynd 4 þarf þó ekki endilega að endurspegla einhvern ákveðinn tíma í sögu Skriðuklausturs eða að vera einkennandi frekar fyrir klausturtíma eða seinni tíma.




Mynd 4. Dreifing ungra einstaklinga.

Kyn

Eins og áður sagði hefur stór hluti af beinagrindunum verið greindur af mannabeinafræðingum. Í mörgum tilfellum hefur tekist að kyngreina einstaklingana

en þó ekki alla. Getur það verið vegna þess að beinin eru of illa varðveitt en svo er einnig erfitt að greina unga einstaklinga til kyns.

Þegar kyn einstaklinganna er skoðað virðist dreifing eftir því vera nokkuð jöfn um svæðið. Börn, sem ekki er hægt að kyngreina, er nánast eingöngu að finna norðan og austan við kirkjuna, sem er sama dreifing og kom fram á mynd 4. Ákveðinn staður vekur strax athygli hvað varðar staðsetningu kvenna en það er svæði sem er norðvestur af útskoti kirkjunnar en þar er að finna fimm konur á mjög afmörkuðu svæði.




Mynd 5. Dreifing beinagrinda eftir kyni.

Konur og karlar virðast hins vegar að öðru leyti dreifast nokkuð jafnt um allar hliðar kirkjunnar. Þegar dreifingin er skoðuð á mynd 5 verður hins vegar að hafa í huga að á myndinni eru sýndar þó nokkrar beinagrindur sem enn er ekki búið að kyngreina.

Einnig eru þar beinagrindur sem ekki er mögulegt að kyngreina. Þegar lokið verður við kyngreiningu á öllum beinagrindunum er ef til vill hægt að segja frekar til um það hvort kyn hafi haft áhrif á það hvar einstaklingur var jarðaður.

Handastellingar


Nokkrar mismunandi handastellingar hafa verið greindar í gröfunum og hafa þær verið skráðar og flokkaðar. Handastellingar geta nýst vel við að skoða aldur grafanna þar sem rannsóknir hafa farið fram á því hvaða handastellingar einkenna ákveðin tímabil og hefur slík rannsókn einmitt verið framkvæmd á íslenskum gröfum.⁸



Mynd 6. Dreifing beinagrinda eftir handastellingu.

⁸ Lilja Laufey Davíðsdóttir 2008.

Svo virðist vera sem að mismunandi gerðir handastellinga dreifist nokkuð jafnt um allt svæðið, það er að einhverja eina ákveðna stellingu virðist ekki vera að finna á afmörkuðu svæði. Reyndar eru í sumum tilfellum um fáar beinagrindur að ræða í stökum flokkum, til að mynda handastellingar C og F og því erfitt að sjá mynstur í dreifingu þeirra. Handastellingar af gerð A og D eru langflestar en þrátt fyrir mikinn fjölda af þeim er ekki hægt að greina ákveðið mynstur í dreifingunni (mynd 6).



Mynd 7. Dreifing beinagrinda eftir handastellingu með notkun tímatalstengdrar seríu.

Eins og fyrir sagði hefur verið framkvæmd rannsókn á gerðum handastellinga í íslenskum gröfum og varð niðurstaðan meðal annars sú að ákveðnar handastellingar hafi verið vinsælli á einum tíma frekar en öðrum. Í rannsókninni voru 14 staðir skoðaðir þar sem kristnir kirkjugarðar hafa verið rannsakaðir og út frá þeim

niðurstöðum útbúin tímatalstengd sería.⁹ Þegar beinagrindurnar frá Skriðuklaustri eru flokkaðar eftir þeirri seríu má sjá ákveðið mynstur (mynd 7).

Þær beinagrindur sem hafa handastellingu sem líkleg er til að vera frá 12. – 15. öld er helst að finna fyrir norðan og austan kirkjuna, með einni undantekningu þó. Þær handastellingar sem líklegri eru til að einkenna grafir frá seinni tíma dreifast hins vegar um allt svæðið. Í niðurstöðum rannsóknarinnar segir að taka verði þessari aldursgreiningaraðferð með fyrirvara vegna þess hversu margar undantekningar eru frá mynstrinu.¹⁰ Þó ætti tímatalstengda serían að gefa einhverja mynd af aldri grafanna á Skriðuklaustri. Út frá aldursgreiningu á handastellingunum mætti því telja það líklegt að grafir frá klausturtíma sé frekar að finna norðan og norðaustan við kirkjuna. Hér verður þó að taka tillit til þess að fremur fáar grafir sem hafa eldri handastellinguna er að finna á Skriðuklaustri og því er dreifingin ef til vill ekki mjög marktæk.

Gripir í gröf

Ekki eru mjög margar grafir með gripri eða einhvers konar umbúnað til staðar en þó eru nokkur dæmi. Til að mynda hafa fundist áletranir á þremur kistum (37, 39 og 49), gullhringur fannst í einni gröf (39) og í nokkrum gröfum hafa fundist merki um textílleifar (t.d. 66). Af þeim sjö gröfum sem staðsettar eru innan kirkjunnar fundust bókabrot í þremur þeirra.

Eins og sést skýrt á mynd 8 er flestar grafirnar, sem hafa gripri eða einhvers konar umbúnað til staðar, að finna austan við kirkjuna og á frekar afmörkuðu svæði þar. Erfitt er að meta hvort að gripir og aukinn umbúnaður í kistum sé merki um grafir frá klausturtíma eða seinni tíma. Líklegra verður þó að teljast að þeir einstaklingar sem grafnir voru eftir klausturtíma hafi verið efnaðri en þeir einstaklingar sem grafnir voru á klausturtíma. Er þetta skýrt út frá þeirri staðreynd að í klaustrinu var rekin sjúkrastofnun sem tekið hefur á móti sjúkum og jafnvel þeim sem minna máttu sín í samfélaginu en á seinni tíma hafði sýslumaður aðsetur á Skriðuklaustri. Gripir og umbúnaður í kistum er því ef til vill til marks um einstaklinga sem grafnir hafi verið eftir klausturtíma.

⁹ Lilja Laufey Davíðsdóttir 2008, bls. 61.

¹⁰ Lilja Laufey Davíðsdóttir 2008, bls. 61.



Mynd 8. Dreifing beinagrinda eftir gripum og umbúnaði.


Kistur

Í tæplega helmingi grafanna var kista til staðar. Þær hafa í flestum tilfellum varðveist nokkuð vel og því hefur verið mögulegt að greina gerð þeirra og lögun. Á mynd 9 er sýnd dreifing kistanna eftir gerð þeirra.

Flestar kisturnar hafa hið svokallaða stokkalag þar sem báðir gaflarnir eru ferningslaga og lok er flatt. Einkenni ljósberalagsins er hins vegar það að gaflar eru trapisulaga. Stokkalagið er talið vera hið elsta af þessum þremur gerðum, ljósberalag næst og sexhyrnda lagið það yngsta.¹¹ Þegar dreifing kistanna er skoðuð með hliðsjón af þessari þróun kemur í ljós að stokk- og ljósberalagið er að finna um nánast allt

¹¹ Dagný Arnarsdóttir 2006, bls. 10-11.

svæðið. Stokklaga kistur er þó helst að finna innan kirkjunnar og sunnan við hana. Ljósberalagið dreifist meira og er helst að finna austan og norðaustan við kirkjuna. Sexhyrndu kisturnar eru hins vegar á mjög afmörkuðu svæðið austan við kirkjuna.



Mynd 9. Dreifing kista eftir gerð. Á myndinni eru aðeins sýndar þær grafir þar sem kista var til staðar.

Niðurstaða

Hér hafa verið birtir upprættir af báðum byggingarstigum Skriðukirkju en þau voru grafinn upp á árunum 2005-2008. Klausturkirkjan hefur verið útbrotakirkja, tæpir 100 m² að innanmáli. Skiptist hún í kór, miðskip og framkirkju, auk kapelli sem staðsett var í eina útbroti hennar. Kirkjubygging þessi var notuð áfram eftir að klausturhaldi lauk á Skriðuklaustri um siðaskiptin og sýslumenn fluttu á staðinn. Henni er ekki

breytt fyrr en um einni öld síðar, samkvæmt varðveittum úttektum um staðinn. Endurgerða kirkjan var mun einfaldari að gerð en hún samanstóð aðeins af kór og skipi í sama formi. Grunnflötur hennar var tæpir 44 m² að innanverðu.

Hér hefur einnig verið rýnt í ýmis mynstur sem fram hafa komið við uppgröft á gröfum tímabilið 2003-2009. Jafnvel þó að hægt sé að sjá ýmis mynstur í dreifingu ólíkra þátta þá er í raun ekkert í þessum mynstrum sem gefur sterkar vísbendingar um það hvort greftrunin hafi átt sér stað á klausturtíma eða eftir hann. Því er þó ekki hægt að neita að ákveðnir þættir sem bent geta til aldurs grafanna einkenna viss svæði í kirkjugarðinum.

Hvað varðar handastellingar, sem ef til vill er besti þátturinn til að meta aldur grafanna, þá gagnast hann ekki mjög vel fyrir Skriðuklaustur þar sem mjög fáar grafir finnast með þær handastellingar sem einkenna fyrri tíma. Dreifing þeirra verður þar af leiðandi ekki mjög marktæk. Engu að síður virðast þær grafir fremur raðast norðan og norðaustan við kirkjuna sem bent gæti til þess að sú staðsetning hafi fremur verið notuð við greftranir á klausturtíma. Staðsetning ungra einstaklinga er mjög forvitnileg. Eins og áður sagði eru þeir einstaklingar nánast allir grafnir norðan og austan við kirkjuna. Það er erfitt að segja til um hvort þetta einkenni klausturtíma eða ekki. Þó verður að telja það líklegra að þeir einstaklingar hafi verið grafnir á klausturtíma.

Þær grafir, sem hafa einhvers konar umbúnað, finnast frekar austan við kirkjuna en eins og áður sagði er líklegra að þær séu frá því eftir klausturtíma. Annar þáttur sem bendir til þess að grafirnar austan við kirkjuna séu frá því eftir klausturtíma eru kistugerðir. Af þeim þremur gerðum sem greindar hafa verið á Skriðuklaustri er yngstu gerðina einungis að finna austan við kirkjuna. Þetta styrkir það enn frekar að grafið hafi verið eftir klausturtíma á því svæði.

Sá litli munur sem kemur fram í dreifingu allra þáttanna bendir e.t.v. til þess að ekki sé hægt að greina ákveðin svæði sem notuð hafi verið á einum, ákveðnum tíma. Að þessu sögðu verður það þó að teljast nokkuð líklegt að svæðið norðan og norðaustan við kirkjuna hafi helst verið notað fyrir grafir á klausturtíma. Grafir eftir klausturtíma virðast dreifast meira um svæðið en þó er nokkuð öruggt að grafir frá þeim tíma er a.m.k. að finna austan við kirkjuna.

Rannsókn þessi svaraði þess vegna ekki með afdráttarlausum hætti þeirri spurningu sem lögð var fram í upphafi um skiptingu grafa eftir tímabilum innan Skriðukirkjugarðs. Hugsanlegt er að svar við henni fáiist síðar þegar allar grafir hans hafa verið opnaðar og heildarmynd er komin á greftrunarsíði þar.

Heimildir

Dagný Arnarsdóttir (2006). *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Gerðir líkkistna*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XIII. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Heimir Steinsson (1965). *Munklífi að Skriðu í Fljótsdal*. Óbirt embættisprófsritgerð í guðfræði: Háskóli Íslands.

Lilja Laufey Davíðsdóttir (2008). *Grafið en ekki gleymt. Gerðir handastellinga í íslenskum gröfum og nýting þeirra til afstæðra aldursgreininga*. Óbirt lokaritgerð: Háskóli Íslands.

Prestatal og prófaste á Íslandi (1950). 2. útg. með viðaukum og breytingum eftir Hannes Þorsteinsson. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Sveinn Níelsson tók fyrst saman og gaf út árið 1869. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003)*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir 2005: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005: *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XI. Steinunn Kristjánsdóttir 2006: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2005*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XII. Þóra Pétursdóttir 2006: *Sjónarhólskofi á Múlafrétti. – rannsókn og uppgröftur 8.-15. ágúst 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIII. Dagný Arnarsdóttir 2006: *Miðaldaklaustrið á Skriðu – gerðir líkkistna*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIV. Pacciani, Elsa 2006: *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XV. Steinunn Kristjánsdóttir 2007: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVI. Davíð Bragi Konráðsson 2007: *Bygging Skriðuklausturs*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVII. Steinunn Kristjánsdóttir 2008: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVIII. Steinunn Kristjánsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2008: *Skrá yfir grafir frá Skriðuklaustri 2003-2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIX. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2008: *Skrá yfir leirkerabrot fundin á Skriðuklaustri 2002-2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XX. Hrönn Konráðsdóttir 2008: *An Archaeoentomological Research of Skriðuklaustur Samples I*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXI. Hrönn Konráðsdóttir 2009: *Archaeoentomological analysis of samples from the 2008 season of Skriðuklaustur excavation*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXII. Steinunn Kristjánsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009: *Skrá yfir grafir frá Skriðuklaustri 2003-2008*. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXIII. Steinunn Kristjánsdóttir 2009: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2008*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXIV. Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009. *Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðuklaustri 1554-1793. Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsíði*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.